

Starfsemi RML – Grein nr. 5 – 2022

Í síðustu Bændablöðum hef ég skrifað greinar um starfsemi RML. Viðfangsefnið að þessu sinni er þróunar og verkefnastofa RML.

Við stofnun RML var sett upp skipurit sem byggði á þremur fagsviðum og ábyrgðarmenn voru yfir einstaka málaflokkum. Árið 2019 var þessu skipuriti breytt með það að markmiði að auðvelda vinnu, og samtali starfsfólks sem starfar við ólík viðfangsefni innan fyrirtækisins. Fagsviðum var fækkað í tvö og ábyrgðamannakerfið var tekið út. Með breytingunni var verið að byggja undir það að fyrirtækið gæti tekið að sér stærri verkefni sem þjónaði lanbúnaðinum öllum. Ráðgjöfin væri rekinn meira sem ein heild hvort sem það var milli ólíkra málaflokka eða á milli landshluta. Þarna var horft til þess meginhlutverks að RML sinnti ráðgjafarþjónustu á öllu landinu óháð búsetu og búgrein.

Þróunar og verkefnastofa hefur það hutverk samkvæmt núgildandi stjórnskipulagi RML að vera vettvangur umræðu um tvö meginmál. Annars vegar verkefnastjórnun þ.e. yfirsýn verkefnasafns, gangur einstakra verkefna, þörf og mönnun verkefna, árangur o.s.frv. Hins vegar fer fram umræða um þróun og nýsköpun. Þróunar og verkefnastofa er ekki svið heldur samstarfsvettvangur allra starfsmanna en einn starfsmaður heldur utan um starfið.

Verkefnastjórnun er fyrirtæki eins og RML griðarlega mikilvæg. Starfsólk vinnur í sínum daglegu verkefnum að ráðgjöf og þjónustu til bænda eða annara viðskiptavina, á sama tíma er verið að sinna stærri og minni verkefnum þar sem fleirri starfsmenn koma að. Þessi verkefni eru annaðhvort árleg föst verkefni, styrkt þróunarverkefni eða tímabundinn stærri ráðgjafarverkefni. Það þarf því að halda vel utan um tíma og fjármagn og skapa yfirsýn yfir þau verkefni sem eru í gangi en þau geta skipt tugum hverju sinni.

Þróunarhlutinn byggir á samtali starfsfólks og stjórnenda sem leiða í einhverjum tilfellum til nýrra verkefna, þessi verkefni eru mikilvæg sem hluti endurmenntunar starfsfólks og þróun á ráðgjöf þar sem ekki er gert ráð fyrir slíku í framlögum til RML. Í mörgum tilfellum verða verkefni einnig til í gegnum samtöl við bændur og/eða eru unninn í samvinnu við bændur. Dæmi um slík verkefni sem unnin hafa verið eru til dæmis verkefni í tengslum við sæðingar á holdakúm, mygluspá fyrir kartöfluræktendur, fóðrun og frjósemi sauðfjár, möguleika á auknum afurðum sauðfjár með fleiri burðum á ári eða nýtingu sauðamjólkur, verkefni um vinnubrögð og hönnun við verkun í flatgryfjur og svo mætt lengi telja. Í mörgum verkefnum hefur verið leitað í reynsluheim bænda bæði með það að markmiði að greina þá þætti sem bændur telja að skipti mestu máli og til þess að miðla af reynslu annara. Sem dæmi um slíkt eru kálfadauða verkefnið og þættir sem hafa áhrif á lifun lamba á sauðburði. Í báðum tilfellum voru bændur beðnir um að miðla af reynslu sinni í gegnum vefkannanir og upplýsingar úr þeim síðan nýttar í frekari vinnu. Svona verkefni eru mikilvæg til að stuðla að þróun í ráðgjöf RML sem er í takt við þarfir bænda.

Umhverfi lanbúnaðarins breytist eins og annað og frá því að RML var stofnað fyrir rétt tæpum tíu árum hafa umhverfis og loftlagmál orðið mun mikilvægari liður í starfsemi. Snemma var lagt áhersla á að ná í þekkingu og verkefni tengd þessum málaflokki því ljóst var að þar voru mörg göt sem fylla þyrfti upp í þekkingarlega séð. Ráðið var inn starfsólk sem gat sinn þessum málaflokki og loftlagsglæraugu almennt sett á þá ráðgjöf og leiðbeiningar sem RML er að veita. Enn vantar mikið upp á í þekkingu og mælingum hér á landi. Með þessum málaflokki komu inn stór verkefni og má gera ráð fyrir að svo verði áfram sem ýtir enn mikilvægi þróunar/nýsköpunar og góðrar verkefnastjórnunar.



Þróunar og verkefnastofa kemur að mörgum verkefnum og fleirri en hér verður upptalið en frá 2019 hafa hátt í 80 verkefni af ýmsum stærðum farið af stað innan RML. Upplýsingar um þjónustu og ráðgjöf má sjá á heimasíðu okkar www.rml.is ásamt því að starfsfólk RML eru ávallt til viðtals hvort sem um er að ræða í gegnum síma 5165000 eða á starfstöðvum RML.

Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri RML